

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
b/t Rúmar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 7. ágúst 2019
UST201907-045/A.B.
10.05.00

Efni: Umsögn - Framkvæmdir við Úlfjótsvatn - slóðagerð og skógrækt

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna umsóknar Skógræktarfélag Íslands um framkvæmdaleyfi fyrir slóðagerð og skógrækt fyrir kolviðarskóg á norðursvæði jarðarinnar Úlfjótsvatns.

Vistgerðir, votlendi og binding kolefnis

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skógræktarsvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem eru með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á vistgerðina og votlendið og leggur stofnunin því til að komist verði hjá því eins og kostur er að planta trjám í votlendissvæði. Auk þess telur stofnunin það orka tvímælis að raska votlendi með tilheyrandi losun til þess eins að binda kolefni síðar með trjágróðri.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Skógrækt og sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði sem geta haft neikvæða áhrif á ásýnd svæðisins, heldur verði fylgt formum landlags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Trjátegundir og líffræðilegur fjölbreytileiki

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verða innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að plantaðar séu fjölbreyttar trjátegundir, en með gróðursetningu á fjölbreytum trjátegunðum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.


Bakkagróður

Framkvæmdir sem hér um ræðir liggur að Úlfljótsvatni og bendir Umhverfisstofnun því á að samkvæmt 62 gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst ros kun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur